

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Hvaleyrarvatn og Höfðaskógur.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. apríl 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin varðar svæði við Hvaleyrarvatn og Höfðaskóg þar sem opið svæði/almennt grænt svæði og íbúðarsvæði til síðari nota verður opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 9. apríl 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Höfðaskógur – Hvaleyrarvatn“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 18. september 2001 breytingu á deiliskipulagi „Höfðaskógur – Hvaleyrarvatn“, Hafnarfirði.

Breytingin felst í að svæðið umhverfis Hvaleyrarvatn er skipulagt með ýmissi útivistaraðstöðu og ræktunarstöð auk þess sem legu útivistarvegjar er breytt, nýir byggingareitir afmarkaðir o.fl.

Farið var með tillöguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 3. apríl 2002.

Hafís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.